

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 26/2002

frá 19. apríl 2002

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2001 frá 9. nóvember 2001⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/31/EB frá 8. maí 2001 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 70/387/EBE varðandi dyr á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/43/EB frá 27. júní 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 92/23/EBE varðandi hjólbarða á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og ásetningu þeirra⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Aðlögunarliðirnir við tilskipun ráðsins 92/23/EBE frá 31. mars 1992 varðandi hjólbarða á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og ásetningu þeirra (Stjtið. EB L 129, 14.5.1992, bls. 95) sem kveðið er á um í XI. kafla I. viðauka við lögin um aðildarskilmála Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á⁽⁴⁾ skulu felldir inn í samninginn.
- 5) Nauðsynlegt er að breyta aðlögunarliðunum í samningnum við tilskipun ráðsins 92/23/EBE vegna aðildar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar að Evrópusambandinu.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 22, 24.1.2002, bls. 20 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 6, 24.1.2002, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 130, 12.5.2001, bls. 33.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 211, 4.8.2001, bls. 25.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB L 1, 1.1.1995, bls. 1.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 7. lið (tilskipun ráðsins 70/387/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32001 L 0031:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/31/EB frá 8. maí 2001 (Stjtið. EB L 130, 12.5.2001, bls. 33).“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið 45d (tilskipun ráðsins 92/23/EBE) í I. kafla í II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi bætist við:

„, eins og henni var breytt með:

- **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á (Stjtið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB L 1, 1.1.1995, bls. 1),
- **32001 L 0043:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/43/EB frá 27. júní 2001 (Stjtið. EB L 211, 4.8.2001, bls. 25).“

2. Í aðlögunartextanum falli orðin „12 fyrir Austurríki“, „17 fyrir Finnland“ og „5 fyrir Svíþjóð“ niður.

3. gr.

Texti tilskipana 2001/31/EB og 2001/43/EB og aðlögunarliðanna við tilskipun 92/23/EBE, sem kveðið er á um í XI. kafla I. viðauka við lögum um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á, á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. apríl 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. apríl 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

